

1990 nr. 95 28. september**Lög um félagsráðgjöf**

■ **1. gr.** Rétt til að kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

■ **2. gr.** Leyfi skv. 1. gr. skal veita umsækjanda sem lokið hefur prófi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands.

□ Veita má umsækjanda, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr., leyfi til að kalla sig félagsráðgjafa og stunda félagsráðgjöf hér á landi. Leita skal umsagnar Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og félagsvínsindadeildar Háskóla Íslands áður en leyfi samkvæmt þessari málsgrein er veitt. Félagsvínsindadeild Háskóla Íslands getur sett sem skilyrði að viðkomandi sanni kunnáttu í íslenskum lögum og reglum er varða störf félagsráðgjafa hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli.

■ **3. gr.** Takmörkuð og/edða tímabundin réttindi má einnig veita þeim, sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi, en uppfulla ekki skilyrði 2. gr.

□ Slíkt leyfi má því aðeins veita að fyrir liggi meðmæli þeirrar stofnunar, sem umsækjandi vinnur hjá. Jafnframt skal leita umsagnar Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

■ **4. gr.** Félagsráðgjafi má kalla sig sérfræðing í sérgrein innan félagsráðgjafar hafi hann fengið til þess leyfi heilbrigðisráðherra.

□ Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð, að fengnum til-lögum Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og félagsvínsindadeildar Háskóla Íslands, nánari ákvæði um skilyrði fyrir veitingu leyfis til að kalla sig sérfræðing í einhverri af sér-greinum félagsráðgjafar.

■ **5. gr.** Óheimilt er að ráða til félagsráðgjafastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa skv. 2. gr., með þeim undantekningum, sem leiðir af ákvæðum 3. gr.

■ **6. gr.** Félagsráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um at-riði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Pagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

■ **7. gr.** Félagsráðgjafa ber að þekkja skyldur sínar samkvæmt lögum, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða félagsráðgjöf.

□ Félagsráðgjafar bera ábyrgð á þeirri félagsráðgjöf sem þeir veita.

■ **8. gr.** Um félagsráðgjafa gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt reglur læknalaga, nr. 53/1988.

□ Reglur læknalaga gilda m.a. um viðurlög við brotum í starfi félagsráðgjafa, um svíptingu löggildingar þeirra og endurveitingu starfsréttinda.

■ **9. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **10. gr.** Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.